



Bett 3

Vörunr. 8503

Lýsing

Bett 3 (8503) er vatnspynnaleg akrýlmálning ætluð á loft og vegg innanhúss þar æm óskað er eftir almattri áferð. **Bett** inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbíndiefni sem gefur málningunni afburða þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningum. Málningin er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi.

Notkun

Bett 3 er ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. pússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Þynnir: Vatn
Gljástig: 3	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Þurrktími: 1 klst
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 41 % (rúmmál)	

Undirmálun

Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240), alkýðgrunnum líkt og Hempalin grunnmálningu (4246) eða Aqua Snickerislip (4243), allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gífsplötur og strigi: Fjarlægð ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gífs- og spartlsgrunni (4240). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Bett 3**.

Endurmálun

Áður málaðir fletir: Þrífð með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Því næst eru málaðar 2 umferðir af **Bett 3**.

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C. Málningin má ekki frjósa.
- Full þvotteldni næst eftir 3-4 vikur.
- Notið Breplasta spartl við spörtlun og ílögn.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Bett 3** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.